

FEGURÐMALAVÍ



Undir lok regntímans í mars og apríl
hörfa skýin hægt og bítandi, síðustu
skúrir falla og skuggaspil undir bólstrum
og sól sem brýst í gegn lætur landið
dansa (mars 2011).



Og uppskera ársins þýtur upp, senn verða kornstönglar teknir, þurrkaðir og geymdir í bastkörfum. Helsta fæða landsmanna allt næsta ár er þá komin á bæ og hugtakið „fæðuöryggi” fær raunverulega merkingu. Þökk sé góðri tíð. Og mikilli vinnu.





Eldingum lýstur enn
niður í fjarska og
þrumur heyrast, en
skýjabakkarnir eru ekki
jafn þungir og áður og
landið hefur aldrei
verið jafn grænt. Á
svona degi má vel trúa
því að Malaví sé
fegursta land í heimi.

